



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. nóvember 2020.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar (skerðing á lífeyri vegna búsetu), þskj. 28, 28. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Styður skrifstofan frumvarpið hvað varðar að tryggja sama rétt til framfærslu og til þeirra sem búið hafa í landinu í 40 ár á aldrinum 16-67 ára, enda til þess fallið að jafna þann ójöfnuð sem hingað til hefur viðgengist. MRSÍ fær þó ekki skilið hvers vegna aðeins íslenskir ríkisborgarar skuli njóta þessa réttar. Til er í dæminu að hingað hafi flutt fólk og unnið hér um langt skeið, jafnvel áratugum saman án þess að sækja um íslenskan ríkisborgararétt. Eiga þessir einstaklingar þá ekki að njóta fullra lífeyrisgreiðslna á meðan aðrir sem búið hafa og unnið í landinu um jafnvel skemmri tíma en hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt njóta þeirra? Þó staða beggja hópa sé sambærileg á allan hátt nema hvað varðar íslenskan ríkisborgararétt?

MRSÍ telur slíka mismunun vart geta samræmst almennu banni 65. gr. Stjórnarskrárinnar, enda tilgreinir ákvæðið stöðu að öðru leyti. Þó lög nr. 85/2018, um jafna stöðu óháð kynþætti og þjóðernisuppruna taki ekki til mismununar á grundvelli ríkisfangs eða ríkisfangsleysis, þá eru skýringar þess fyrst og fremst þær að í mismununartilskipunum ESB sem löggjöfin byggir á er ríkisfang undanskilið. Sá undanskilnaður á rætur í því að í samningunum um Efnahagssamband Evrópu og síðar amningnum um Evrópusambandið, er mismunun á grundvelli ríkisfangs bönnuð.

Við mat á því hvort mismunun hafi átt sér stað eða ekki er nauðsynlegt að bera saman einstaklinga við sambærilegar aðstæður. Ef aðstæður eru sambærilega eiga einstaklingar ávallt að hljóta sambærilega meðferð, á sama hátt og einstaklingar sem eru ekki í sambærilegum aðstæðum skulu hljóta mismunandi meðferð, nema unnt sé að réttlæta sambærilega meðferð á málefnalegan hátt með lögmætu markmiði. Mismunandi meðferð á grundvelli ríkisfangs kann því að vera réttlætanleg á grundvelli lögmætra markmiða og ef aðferðirnar til að ná þeim markmiðum eru viðeigandi og nauðsynlegar. Í þeim tilvikum sem undir þetta frumvarp falla er vandséð hvaða lögmæt markmið eigi við um það að skilja milli einstaklinga með íslenskt ríkisfang og erlent ríkisfang ef staða þeirra er sambærileg að öðru leyti.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

Túngata 14, 1. hæð – 101 Reykjavík - Iceland  
Símar/Phone + 354 552 27 20  
Netfang/ E-mail: info@humanrights.is